

**Nd.**

**592. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. Við 2. gr.

Greinin falli burt.

2. — 3. —

Greinin orðist svo:

Landsstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. gr., úr ríkissjóði, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkjunarkostnaði þeirra.